



Novator, Björgólfur T Björgólfsson,
b.t. Ragnhildar Sverrisdóttur,
Óðinsgötu 5,
101 Reykjavík.

Reykjavík, 12. janúar 2012
1112028
7.70

Efni: Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis.

Vísað er til bréfs yðar, dags. 6. desember 2011, til forseta Alþingis og nefndarmanna í rannsóknarnefnd Alþingis.

Í brefi yðar eru rakin tilvik sem þér teljið sýna að unnt sé að leita til rannsóknarnefndar Alþingis, eftir að störfum hennar lauk, til að koma á framfæri athugasemendum og leiðréttингum við skýrslu nefndarinnar. Jafnframt óskið þér eftir því að forseti Alþingis endurskoði afstöðu sína frá 5. maí 2011 um að ekki sé hægt að fallast á ósk yðar um að birta athugasemdir við skýrslu rannsóknarnefndarinnar á vef Alþingis. Loks óskið þér eftir svörum við fimm tilgreindum spurningu sem þér beinið til forseta Alþingis og rannsóknarnefndarinnar.

Forseti Alþingis vill áréttu að rannsóknarnefnd Alþingis skilaði skýrslu sinni til Alþingis 12. apríl 2010 og lauk nefndin þar með störfum sínum. Að því leyti, sem erindi yðar er beint að einstökum nefndarmönnum, fylgir hér með í ljósriti yfirlýsing þeirra Páls Hreinssonar og Tryggva Gunnarssonar, dags. 4. janúar sl., og yfirlýsing Sigríðar Benediktsdóttur, dags. 10. janúar sl.

Í ljósi framangreinds er það niðurstaða forseta Alþingis að ekki standi skilyrði til þess að endurskoða fyrri afstöðu frá 5. maí sl. og því ekki tilefni til þess að svara nefndum spurningum yðar.

Fylgiskjöl:

Yfirlýsingar Páls Hreinssonar, Tryggva Gunnarssonar og Sigríðar Benediktsdóttur, dags. 4. og 10. janúar 2012.

Ljósrit:

Páll Hreinsson,
Tryggvi Gunnarsson,
Sigríður Benediktsdóttir.

F O R S E T I A L Þ I N G I S